

**Nd.**

**36. Frumvarp til laga**

[36. mál]

um breyting á lögum nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:  
Til að malbika eða steypa vegi í kaupstöðum og kaupþúnum 5 aurar af lítra.  
Greiða skal helming kostnaðar á móti þeim bæjar- eða sveitarsjóði, er í hlut á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með vaxandi umferð bifreiða verður ekki lengur komizt hjá því að malbika eða steypa helztu umferðargötturnar í kaupstöðum og kaupþúnum.

Malarvegir verða óhóflega viðhaldsfrekir, þegar umferð er mikil, og þó oftast illfærir eða fara að minnsta kosti mjög illa með bifreiðar og slíta þeim úr hófi fram.

Malbikaðir eða steyptir vegir eru svo dýrir, að ekki er von til þess, að kaupstaðir og kaupþún geti lagt þá algerlega á eigin spýtur, enda ekki nema sanngjarnt, að hluti af benzinskatti gangi til þessa. Var og ætlazt til þess, þegar lög um bifreiðaskatt o. fl. voru sett 1932, að 15% skattsins rynni frá 1. jan. 1934 til stofnunar sjóðs, er varið skyldi til að leggja fram helming kostnaðar við varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kaupþúnum.

Af þessu hefur þó ekki orðið í framkvæmd, nema hvað 100 þús. kr. hafa verið á fjárlögum í þessu skyni undanfarin ár, en sú uphæð er allsendis ófullnægjandi.

Hér er því lagt til, að svipaður hluti af benzinskatti og upphaflega var gert ráð fyrir renni framvegis til þessara vega.